

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 25. ágúst 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Suðurnesjum.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund, sbr. staflíð b. í 1. mgr. 2. gr. samþykktar nr. 428/1987, með síðari breytingum, skal vera kr. 10.000 fyrir hvern hund. Eindagi gjaldsins er 1. mars ár hvert. Eindagi hundaleyfisgjalda fyrir árið 1999 skal þó vera 15. ágúst 1999.

Allur kostnaður vegna föngunar hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausu hunda að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarstjórnnum Reykjanesbæjar, Grindavíkur, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps, með heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 268/1996 fyrir hundahald á Suðurnesjum.

Suðurnesjum, 12. júlí 1999.

F.h. sveitarfélaga á Suðurnesjum,

Magnús H. Guðjónsson,

framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum.

1. gr.

Orðið „hérlandis“ í c-lið 1. mgr. 1. gr. fellur brott.

2. gr.

1. málslíður 9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Rétt til endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum þessa kafla eiga þeir sem flytja inn verksmiðjuframleidd íbúðarhús eða framleiða íbúðarhús í verksmiðju hér á landi.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 24. ágúst 1999.

Geir H. Haarde.

Árni Kolbeinsson.

13. ágúst 1999

Nr. 575

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema samkvæmt 5. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla.

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðast svo:

Nú verður tilnefningaraðili ekki við ósk menntamálaráðuneytisins um tilnefningu fulltrúa í áfrýjunarnefndina innan tveggja mánaða frá því að tilnefningar var fyrst óskað og skipar þá menntamálaráðherra fulltrúa þess aðila án tilnefningar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 13. ágúst 1999.

Björn Bjarnason.

Valur Árnason.

27. ágúst 1999

Nr. 576

GJALDSKRÁ

fyrir Kvótaping Íslands fiskveiðiárið 1999-2000.

1. gr.

Póknun fyrir skráningu og greiðslumiðlun vegna tilboðs sem skráð er á Kvótapingi Íslands skal vera kr. 700 auk 0,13% af verðmæti viðskipta á grundvelli tilboðsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett með stoð í 7. gr. laga nr. 11/1998 og samþykkt af stjórn Kvótapings Íslands staðfestist hér með og öðlast gildi 1. september 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. ágúst 1999.

Árni M. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.